

## Endurhverf verðbréfakaup fyrir 17,4 milljarða króna

Í samræmi við reglur um viðskipti Seðlabanka Íslands við lánastofnanir fór fram uppboð á endurhverfum verðbréfasamningum í dag, þriðjudaginn 8. apríl. Samningstíminn er 14 dagar, en þá hverfa verðbréfin til fyrri eigenda á ný.

Notuð var fastverðsaðferð og bauðst Seðlabankinn til að kaupa verðbréf á ávöxtunarkröfunni 5,3%. Engin fjárhæðarmörk voru í uppboðinu. Samtals bárust tilboð að fjárhæð 17,4 milljarðar króna en á innlausn voru 31,7 milljarðar króna. Næsta uppboð er fyrirhugað 15. apríl n.k.

Línuritið sýnir stöðu samninga um endurhverf viðskipti Seðlabankans á grundvelli reglubundinna uppboða. Auk þeirra á Seðlabankinn viðskipti við ríki og lánastofnanir sem einnig hafa áhrif á lausafjármyndun.

Nánari upplýsingar veitir Tómas Örn Kristinsson framkvæmdastjóri peningamálasviðs í síma 569-9664.

Fréttir Seðlabanka Íslands eru birtar á heimasíðu bankans um leið og þær eru gefnar út (<http://www.seðlabanki.is>).

### Endurhverf verðbréfakaup Seðlabankans 2002-2003 Vikuleg uppboð

